

Nd.

478. Nefndarálit

[144. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 95/1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á yfirstandandi og undanförunum þingum flutt tillögur og frumvörp um að dregið yrði úr álagningu tekjuskatta. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþýðuflokksins í fjárveitinganefnd m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarendi niðurskurð á ríkisútgjöldum. Margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattaálögum. Með lækkun tekjuskatta má treysta kaupmátt heimilanna án verðbólguáhrifa. Auk þess er jaðarskattur á venjulegum miðlungslaunatekjum of hár.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem þannig hafa verið færð fram fyrir lækkun tekjuskatta, hafa tillögur um þetta efni ekki fengist samþykktar. Alþýðuflokkurinn vill nú enn freista þess að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir sínar um lækkun tekjuskattsins. Komi slíkur stuðningur fram getur Alþýðuflokkurinn mælt með samþykkt fyrirbyggjandi frumvarps.

Að óbreyttum áformum ríkisstjórnarinnar um tekjuskattsálagningu telur Alþýðuflokkurinn hins vegar ekki fært að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp, þar eð heildarskattbyrði mikils fjölda venjulegs launafólks sé allt of há.

Alþingi, 18. mars 1982.

Sighvatur Björgvinsson.